

LAX- OG SILUNGSVEIÐIN 1998

GUÐNI GUÐBERGSSON

Mars 1999

VMST-R/99004

EFNISYFIRLIT**bls**

Inngangur.....	1
Aðferðir.....	2
Laxveiðin 1998.....	3
Stangveiði.....	4
Netaveiði.....	5
Hafbeit.....	5
Umræður.....	5
Breytt útlit veiðibóka.....	7
Þakkarorð.....	8
Heimildir.....	8
Myndir	10
Tölur	11-23

INNGANGUR

Úrvinnslu veiðiskýrslna fyrir laxveiðina 1998 er nú lokið og er hér gerð grein fyrir samantekt þeirra á sambærilegan hátt og gert hefur verið frá árinu 1987. Á árinu 1997 var greint milli stjórnsýslu og rannsókna í veiðimálum með aðskilnaði embættis veiðimálastjóra og Veiðimálastofnunar. Veiðimálastofnun hefur umsjón með skráningu og samantekt veiðiskýrslna samkvæmt samningi við embætti veiðimálastjóra. Eins venja er til sendi Veiðimálastofnun út veiðibækur fyrir veiðitímann og var þeim síðan safnað saman að honum loknum. Í flestum tilfellum bárust bækurnar fljótt en þó voru einstaka undantekningar sem seinkaði útgáfu heildarsamantektar og í einstaka tilfellum vantar skráningu.

Veiðitölur er oftlega notaðar til að meta verðgildi veiðiáa og veiðivatna og skiptingu arðs milli veiðiréttarhafa. Einnig eru veiðitölur lagðar til grundvallar við rannsóknir á fiskstofnum og til að meta árangur af fiskræktaraðgerðum. Góðar veiðiskýrslur eru hornsteinn þess að hægt sé að fylgjast með breytingum á afla og mikilvægar varðandi nýtingu, verndun og viðhald þeirrar auðlindar sem felst í lax- og silungsveiði. Skráning veiði og samantekt hennar hér á landi er með því besta sem gerist hjá laxveiðipjóðum. Það er ekki síst að þakka frumkvöðlum í veiðimálum, góðu skipulagi hjá veiðifélögum og nýtingu þeirrar auðlindar sem í fiski í ám og vötnum felst og síðast en ekki síst framlagi veiðimanna sem skrá veiðina í veiðibækur. Skráning veiði hér á landi er einnig liður í að fylgjast með viðgangi og nýtingu laxastofna í Norður-Atlantshafi.

Við ákvörðun á fjölda stangardaga í veiðiám þarf samþykki Veiðimálanefndar. Sókn metin í fjölda stangardaga hefur lítið breyst á undanförunum áratugum og því hefur afli verið notaður sem mælikvarði á stofnstærð og stofnsveiflur. Með breytingu á lögum nr:76 frá 1970 um lax- og silungsveiði sem gerð var 1994 var veiðitími á laxi rýmkaður og má nú standa frá 20. maí til 30. september, en þó ekki lengur en 3 1/2 mánuð. Göngusilung má veiða á tímabilinu frá 1. apríl til 10. október. Yfirleitt hafa litlar breytingar verið gerðar á veiðitíma en þar sem hann hefur verið rýmkaður getur veiðiálag breyst frá fyrri árum og haft áhrif á heildarveiði.

Á undanförunum árum hefur færst í vöxt að stangveiddum fiski sé sleppt aftur og því er hugsanlegt að laxar veiðist oftast en einu sinni. Þetta getur haft áhrif á veiðitölur og samanburð þeirra við fyrri ár. Því er mjög nauðsynlegt að greinilega sé merkt, í veiðibók, við þá fiska sem veiddir eru og sleppt aftur. Mikilvægt að gerðar séu úttektir á því hversu hátt hlutfall þeirra

fiska sem sleppt er veiðist aftur. Í þessari samantekt eru gefnar upp tölur fyrir bæði veiði og afla. Veiðimenn líta gjarnan til talna yfir veiði en varðandi nýtingu og verndun stofna eru það aflatölur sem máli skipta.

Þau tímamót urðu sumarið 1998 að þá var engin laxveiði stunduð í sjó við strendur landsins og fer nýting laxins nú öll fram í fersku vatni. Skýrslur yfir veiði á silungi í sjó bást einungis frá tveimur aðilum en líklegt er að einhver silungsveiði í sjó sé óskráð. Mikilvægt er að bæta þá skráningu.

AÐFERÐIR

Úrvinnsla veiðiskýrslna var með sambærilegu sniði og verið hefur undanfarin ár (Guðni Guðbergsson og Einar Hannesson 1987; Guðni Guðbergsson 1988; 1989; 1990; 1991; Guðni Guðbergsson og Friðþjófur Árnason 1992; 1993 og 1994; Guðni Guðbergsson 1995; 1996; 1997a og 1998). Úr hverri veiðibók eru tölvuskráðar upplýsingar um veiðitíma, fisktegund, kyn, þyngd, lengd og veiðarfæri auk veiðistaðar ef númer þeirra er skráð í þar til gerðan reit. Nú var einnig skráður fjöldi þeirra fiska sem voru veiddir og sleppt aftur. Veiðitölur að frádregnum þeim fjölda fiska sem sleppt er aftur er skráður sem afli úr viðkomandi vatnsfalli.

Heildarfjöldi fangaðra (laxa sem skráðir eru í veiðibók) er lagður saman, fjöldi þeirra sem sleppt er og fjöldi landaðra fiska ásamt þyngd er skráð. Þá er tekin saman meðalþyngd veiðinnar. Laxveiðinni er skipt í smálaxa og stórlaxa og er átt við að smálax sé sá lax sem dvalið hafa eitt ár í sjó en stórlax tvö ár eða lengur. Fjöldi smálaxa og stórlaxa er miðaður við fjölda fangaðra fiska sem skráðir eru í veiðibækur. Skiptingin milli smálax og stórlax er gerð þannig að hængar 8 pund og þyngri eru taldir vera tveggja ára úr sjó, en hrygnur 7 pund og þyngri. Skipting í smálax og stórlax getur verið breytileg milli áa og ára, en þessi skipting á við í langflestum veiðiám. Þyngd laxfiska er jafnan gefin upp í pundum en 1 pund er skilgreint sem 500 grömm. Reiknað er hlutfall smálaxa og stórlaxa í veiðinni. Skráð silungsveiði er gerð upp á líkan máta og laxveiðin. Öll veiðin er tekin saman eftir landshlutum sem falla nokkurn vegin að skiptingu landsins í kjördæmi.

Listi yfir laxveiði allflestara áa er birtur fyrir tímabilið frá 1974 - 1998. Á þessu 25 ára tímabili eru upplýsingar til á tölvutæku formi og einnig að mestu leyti sambærilegar milli ára. Veiði á silungi, urriða og bleikju, er tekin saman fyrir tímabilið frá 1987 - 1998 fyrir valdar veiðiár en ekki er um tæmandi lista að ræða. Við skráningu silungsveiði er ekki gerður greinarmunur á sjögengnum fiskum og staðbundnum. Auk heildarveiði er reiknuð minnsta og mesta veiði á tímabilinu. Á undanföllum árum hefur nokkuð verið um að hafbeitarlax hafi verið

fluttur og sleppt í veiðiár til endurveiði. Ef hægt er að greina milli þeirrar veiði og náttúrulegar er hún tekin saman sérstaklega. Sá afli er talin með í endurheimtum á hafbeitarlaxi en ekki stangveiði.

Upplýsingum um netaveiði er safnað á svipaðan hátt og um stangveiðina nema að þar eru sjaldnast til upplýsingar um einstaka fiska en þess í stað er stuðst við heildarveiðitölur viðkomandi veiðijarða. Á Vesturlandi var upplýsingum safnað af Vesturlandsdeild Veiðimálastofnunar (Sigurður Már Einarsson munnl. uppl.), á Norðurlandi vestra af Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar (Bjarni Jónsson munnl. uppl.) og á Suðurlandi af Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar (Magnús Jóhannsson munnl. uppl.).

Tölur um fjölda laxa sem endurheimtust úr hafbeit eru teknar með hér en samanlagt gefa tölur um endurheimtur úr hafbeit og veiði á náttúrulegum laxi í íslenskum vatnakerfum fjölda íslenskra laxa sem koma aftur eftir dvöl í hafi. Tölur um endurheimtur laxa úr hafbeit og endurveiði slepptra hafbeitarlaxa í ám voru teknar saman af embætti veiðimálastjóra (Sumarliði Óskarsson munnl. uppl.).

LAXVEIÐIN 1998

Sumarið 1998 veiddust alls 40.286 laxar á stöng og 5.939 laxar veiddust í net í ám og 11.223 laxar endurheimtust úr hafbeit (tafla 1). Samtals eru þetta 57.448 laxar. Heildarþungi veiddra laxa og hafbeitarlaxa var 165,9 tonn sem skiptist þannig að 112,8 tonn veiddust á stöng, 17,5 tonn í net í ám og 35,6 tonn endurheimtust úr hafbeit.

Samanlagður fjöldi stang- og netveiddra laxa 1998 (tafla 2) var um 13 % meiri en meðalveiði árána 1974-1997. Skráð stangveiði 1998 var 11.646 löxum eða um 29% meiri en hún var á árinu 1997 (tafla 2, 1. mynd) og 12,4% meiri en meðalveiði árána 1974-1997. Netaveiði á laxi var nú eingöngu bundin við veiði í ám og vötnum. Hún var um þriðjungur af meðalntaveiði árána 1974-1997 og svipuð því sem var 1997, en netaveiði á laxi hefur farið ört minnkandi undanfarin ár (tafla 2, 2. mynd).

Fjöldi endurheimtra hafbeitarlaxa hefur minnkað umtalsvert á undanförunum árum og 1998 var hann 11.223 laxar sem var 4.025 löxum færri en var 1997 og ekki nema um áttundi hluti af fjölda endurheimtra laxa á árunum 1994-1996. Fjöldi hafbeitarlaxa er nú verulega minni en hann var á árunum 1991-1993 en þangað til hafði fjöldi hafbeitarlaxa farið jafnt og þétt vaxandi (3. mynd).

Stangveiði

Í veiðiskýrslur var skráður alls 40.286 laxar sumarið 1998. Af þessum löxum hafði 2.826 verið sleppt aftur og því var landaður aflí 37.465 laxar. Þyngd landaðs afla í stangveiði var samtals 112,8 tonn. Flestir laxar veiddust á Vesturlandi 14.946, en fæstir á Vestfjörðum 978 (töflur 6-12). Að þunga til var veiðin einnig mest á Vesturlandi um 37,9 tonn, en næst mest á Norðurlandi vestra um 26,7 tonn.

Flestir laxar veiddust í Rangánum 3.848, en næst flestir í Þverá og Kjarrá 2.181 og í þriðja sæti var Norðurá með 2.001 veiddan laxa. Röð 10 efstu laxveiðianna er sýnd í töflu 3.

Í skýrslur um stangveiði í ám og vötnum voru í heild skráðir 64.491 silungur, 33.961 urriði og 30.530 bleikjur, en ekki er gerður greinarmunur á staðbundnum og sjógengnum fiskum. Samkvæmt veiðiskýrslum veiddust flestir silungar á Suðurlandi 20.293 og rúmlega 16 þúsund á Norðurlandi vestra og um 17 þúsund á Norðurlandi eystra. Nokkur munur var á afla bleikju og urriða eftir landshlutum (töflur 6-12). Af einstökum ám veiddust flestir urriðar í Laxá í Þingeyjarsýslu ofan Brúa eða alls 7.967 og í Fremri-Laxá á Ásum veiddust 2.567 urriðar (tafla 4). Flestar bleikjur veiddust í Víðdalsá og Fitjá eða 5.467 en næst flestar í Eyjafjarðará 3.137 (tafla 5).

Af stangveiddum löxum voru 33.295 (82,7%) sem verið höfðu eitt ár í sjó en 6.981 (17,3%) tvö ár eða lengur (tafla 13) og er hér miðað við heildarfjölda laxa í veiðibókum. Í stangveiði voru 4,8 smálaxar á móti hverjum stórlaxi, í netaveiði voru þeir 3,6 og 5,9 í hafbeit. (tafla 14).

Líkt og gert hefur verið undanfarin ár er sýnd veiði valinna laxveiðiáa síðustu 25 árin eða frá árinu 1974 ásamt meðalveiði og minnstu og mestu veiði tímabilsins (tafla 15). Á sambærilegan hátt er veiði urriða (tafla 16) og bleikju (tafla 17) á tímabilinu 1987-1998 tekin saman. Þessar töflur sýna ekki heildarveiðina á landinu en væntanlega verður hægt að bæta fleiri veiðisvæðum við með bættri skráningu veiðinnar.

Á árinu 1998 voru skráðir í veiðibækur 2.826 laxar sem voru veiddir og þeim sleppt aftur. Aukningin milli ára var tæplega tvöföld en 1997 var 1.558 löxum sleppt en árið 1996 var 669 löxum sleppt aftur. Í laxveiðinni var mest um þessa aðferð í Vatnsdalsá, Grímsá, Langá, Laxá í Aðaldal og Haffjarðará (töflur 6-12).

Niðurstöður rannsókna á endurveiði þeirra laxa sem sleppt er aftur sýnir að frá 16 - 52 % veiðist oftár en einu sinni (Guðni Guðbergsson 1997b; Tumi Tómasson 1997).

Netaveiði

Heildarlaxveiði í net í ám á Íslandi 1998 var 5.939 laxar sem vógu um 17,4 tonn. Í net veiddust flestir laxar á Suðurlandi 5.108. Flestir laxar veiddust í Þjórsá 2.066 laxar, 1.841 í Hvítá og 1.186 í Ölfusá (Magnús Jóhannsson munnl. uppl.). Í Borgarfirði veiddust nú 469 laxar í net á vatnasvæði Hvítár, en þar hefur einungis verið veitt í fá net frá árinu 1990, (Sigurður Már Einarsson munnl. uppl.). Netaveiði í ám var einhver í öllum kjördæmum (landshlutum) nema á Reykjanesi (tafla 18). Engin laxveiði var í sjó sumarið 1998.

Hafbeit

Í hafbeit endurheimtust alls 11.223 laxar, sem vógu 35,6 tonn. Af þeim endurheimtust 9.594 laxar eftir eitt ár í sjó en 1.629 laxar eftir tvö ár í sjó. Löxum til hafbeitar hafði verið sleppt og þeir endurheimtir í þremur hafbeitarstöðvum á Vesturlandi og í einni á Reykjanesi (tafla 1). Fjöldi endurheimtra laxa í hafbeit 1998 var 4.478 löxum færri en hann var 1997 en verulega hefur dregið úr umsvifum í hafbeit á undanförunum árum (3. mynd). Árið 1991 var um 5,1 milljónum seiða sleppt til hafbeitar, um 4,6 milljónum seiða 1992, 3,6 milljónum seiða 1993, 4,8 milljónum seiða 1994, 3,2 milljónum seiða 1995 og um 1,85 milljónum seiða 1996. Árið 1997 var um 900 þúsundum seiðum sleppt en árið 1998 mun um 380 þúsund seiðum hafa verið sleppt til hafbeitar.

Hafbeitarlaxi var sleppt til endurveiði í Norðlingafljót og Hellisá og af þeim veiddust í stangveiði alls 1223 laxar (tafla 19).

UMRÆÐUR

Nýting laxveiði á Íslandi hefur verið með líku sniði undanfarin ár en talið er að veiðin endurspegli nokkuð vel laxgengd í árnar. Þó heimilað hafi verið að rýmka veiðitíma hefur það óvída verið gert.

Helstu breytingar sem orðið hafa frá árinu 1997 eru að nú var fyrsta árið sem engin netaveiði var stunduð í sjó við Ísland. Umtalsverð aukning varð í stangveiði milli ára sem stafaði af meiri gengd af smálaxi en fjöldi veiddra stórlaxa dróst lítilsháttar saman. Þá var meðalþyngd smálaxa yfirleitt nokkru lægri en var árið á undan (Guðni Guðbergsson 1998). Netaveiði stóð nánast í stað milli ára og er hún að mestu bundin við stóru árnar á Suðurlandi, Ölfusá, Hvítá og Þjórsá þó lítilsháttar netaveiði sé stunduð víðar. Hafbeit dróst en þá saman og er nú einungis lítill hluti þess sem mest var á árunum upp úr 1990.

Færst hefur í vöxt að laxi sem veiddur er á stöng sé sleppt aftur og þarf að draga þann fjölda frá til að fá tölur um landaðan afla. Frá árinu 1996 hefur verið um tvöföldun í fjölda slepptra laxa milli ára.

Netaveiði á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði hefur verið lítil frá árinu 1990. Netaveiðirétturinn hefur verið leigður af þeim, sem stangveiði stunda einkum í hliðarám Hvítár. Uptaka neta í Hvítá hefur leitt til aukningar í veiði í hliðarám Hvítár og hefur aukningin verið metin rétt rúmlega 20% (Sigurður M. Einarsson og Guðni Guðbergsson 1996).

Uppkaup netaveiðiréttar í sjó ásamt uppleigu á netaveiðirétti flestra jarða í Hvítá í Borgarfirði hefur leitt til þess að netaveiði hefur dregist verulega saman hér á landi og er nú um þriðjungur af meðalveiði.

Það sem ræður fjölda laxa er fjöldi seiða sem til sjávar gengur og endurheimtur þeirra úr. Endurheimtur laxa úr sjó þar sem tölur eru til um hafa verið með lægra móti á síðustu árum (Þórólfur Antonsson 1998.). Endurheimtur úr hafbeit hafa einnig verið með lægsta móti og umsvif hafbeitar hafa einnig minnkað. Þar sem hluti hafbeitarlaxins flakkaði upp í laxveiðiár er líklegt að minnkandi hafbeit geti sums staðar komið fram í minnkandi veiði í laxveiðiám, þó hafbeitarstöðvar hafi tekið eitthvað af villtum laxi úr ánum á móti.

Sú aukning sem fram kom í veiði sumarið 1998 bendir til að laxastofnarnir, sem farið höfðu minnkandi séu nú aftur að stækka. Aukningin var öll í smálaxi en fjöldi smálaxa var nánast sá sami og var 1997. Hlutfallslegur fjöldi þeirra laxa sem skila sér eftir tvö ár í sjó hefur farið lækkandi hér á landi á undanförunum árum (Sigurður Guðjónsson og fleiri 1995). Sambærileg þróun hefur verið í flestum öðrum löndum við Norður-Atlantshaf þar sem lax er að finna (Anon 1998). Ekki er ljóst hverjar ástæður þess eru. Mikilvægt er að frekari rannsóknir fari fram á þessum þáttum.

Á undanförunum árum hefur verið dregið úr úthafsveiðum á laxi með minnkandi kvótum og með leigu á þeim þar sem veiðimönnum hefur verið borgað fyrir að veiða ekki. Þrátt fyrir leigu á kvótum hefur það verið metið að þær hafi skilað 5-9% fleiri löxum til þeirra landa sem hafa átt lax í þessum veiðum hefur til þessa hvergi orðið vart við aukningu í laxgengd og minna veiðist úr allflestum laxastofnum til ársins 1998 (Anon 1998). Ástæður þessa eru ekki þekktar en eru líklega samspil ýmissa þátta eins og hnignun búsvæða, mengun, minnkandi hrygning, minnkandi framleiðsla gönguseiða og lægri endurheimta smálaxa og stórlaxa af hafi. Brýnt er að auka rannsóknir á þessu sviði og leita frekari skýringa á þeim.

Nýting laxveiði hefur mikla efnahagslega þýðingu og það hefur verið metið að verðmæti stangveiði hér á landi skili um 600 milljónum beint til veiðiréttareigenda auk a.m.k.

500 milljóna óbeinna tekna í formi ýmiskonar seldrar þjónustu (Frjáls verslun 1998). Þá eru ótalin verðmæti silungsveiða en ekki hefur verið gerð úttekt á verðmæti þeirra sérstaklega. Að auki koma til önnur verðmæti og tekjur sem í stangveiði á laxi og silungi felast. Þá má einnig bæta við að þar sem veiðiréttur fylgir landi og er oftast í eigu bænda er um flutning fjarmagns frá þéttbýli til dreifbýlis að ræða.

Sveiflur í veiði eru í álíka takti í flestum ám innan sama landshluta. Það bendir til að umhverfisskilyrði hafi áhrif á stórum svæðum og samstilli sveiflur. Tengsl hafa fundist milli laxgengdar og hitastigs sjávar árið sem gönguseiðin fara til sjávar (Scarnecchia 1984; Þórólfur Antonsson og fleiri 1996).

Fjöldi skráðra silunga í stangveiði var nokkuð hærri en hann undanfarin ár en skráning silungsveiði hefur farið batnandi á undanförunum árum. Líklegt er verðmæti silungsveiði aukist með bættri skráningu en aflatölur eru oftlega notaðar til að meta verðmæti veiði. Þeir dagar sem eru í boði í laxveiði eru nánast fullnýttir og því mun aukinn fjöldi veiðimanna leita í silungsveiði. Þrátt fyrir bættu skráningu silungsveiði er enn talsvert í land með að öll silungsveiði sé skráð og er það eitt þeirra framtíðarverkefna, sem þarf að vinna í samvinnu við veiðimenn og veiðiréttarhafa. Nokkur félög stangveiðimanna hafa staðið fyrir átaki til bættrar skráningar silungsafla sem skilað hefur góðum árangri.

Hér skal ítrekað að ef veiðiréttarhafar tölusetja veiðistaði, fæst skipting veiðinnar eftir veiðistöðum við úrvinnslu hvernar veiðiár. Slík skráning auðveldar við að fylgjast með breytingum á veiðidreifingu innan vatnakerfa sem aftur auðveldar vinnu við endurmat á arðskrá.

Þeir sem annast veiðiskráningu eru minntir á að skila veiðiskýrslum til úrvinnslu strax að loknum veiðitíma til að flýta fyrir samantekt veiðitalna.

Breytt útlit veiðibóka

Á komandi veiðitímabili er stefnt að því að útliti veiðibókarinnar verði breytti. Um lítilsháttar háttar breytingar er að ræða til að auðvelda vélræna skráningu veiðibókanna en vonast er til að það flýti fyrir úrvinnslu og lækki kostnað. Vert er að taka sérstaklega fram að með nýrri veiðibók verður þyngd fiska skráð í kg með 100 g nákvæmni í stað skráningu í pundum eins og verið hefur. Þetta er gert til samræmingar mælieininga og til að auka nákvæmni í skráningar á laxi og ekki síður silungi. Nokkur ruglingur hefur verið í skráningu í pundum en ætlast hefur verið til að pundið jafngildi 500 g en ýmsir hafa þrátt fyrir það skráð þyngd í enskum pundum (lbs). Vonast er til að veiðimenn taki þessari breytingu vel og leggi

þar með enn og aukið vægi til vísinda til að hægt sé að fylgjast með framgangi og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna í fersku vatni. Þá þurfa veiðiréttarhafar að huga að því að í veiðihúsum séu til staðar kvarðar til að lengdarmælinga afla og vogir til vigtunar afla auk þess sem að veiðibók sé aðgengileg. Lengdarmæling veiði er einnig mikilvæg ekki síst á þeim fiskum sem sleppt er aftur en þá er auðveldara að lengdar- en þyngdarmæla

Vonast er til að með samstilltu átaki takist þessi breyting vel og minna má á að stærð fiska breytist ekki þó breytt sé um mælieiningu.

ÞAKKARORÐ

Þóra Vignisdóttir og Bylgja Guðjónsdóttir tölvuskráðu veiðina. Sigurður Már Einarsson safnaði netaveiðiskýrslum á Vesturlandi, Bjarni Jónsson á Norðurlandi vestra og Magnús Jóhannsson á Suðurlandi. Sumarlið Óskarsson safnaði tölum um hafbeit og endurveiði hafbeitarlaxa í ám. Ofantöldum aðilum kann höfundur bestu þakkir. Síðast en ekki síst ber að þakka hinum fjölmörgu veiðiréttareigendum, leigutökum og veiðimönnum sem önnuðust skráningu veiðinnar í veiðibækur.

HEIMILDIR

Anon 1998. Report of the Working Group on North Atlantic salmon. ICES CM 1997/ACFM:15, 293 bls.

Frjáls verslun 1998. Sport upp á 1,1 milljarð! 1. tbl. 1998, bls 64-69.

Guðni Guðbergsson og Einar Hannesson 1987. Laxveiðin 1986. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/87014.

Guðni Guðbergsson 1988. Laxveiðin 1987. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/88026.

Guðni Guðbergsson 1989. Laxveiðin 1988. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/89019.


Guðni Guðbergsson 1990. Laxveiðin 1989. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/90016.

Guðni Guðbergsson 1991. Laxveiðin 1990. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/91017.


Guðni Guðbergsson og Friðþjófur Árnason 1992. Laxveiðin 1991. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/92012.

Guðni Guðbergsson og Friðþjófur Árnason 1993. Laxveiðin 1992. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/93016.


- Guðni Guðbergsson og Friðþjófur Árnason 1994.** Laxveiðin 1993. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/94011.
- Guðni Guðbergsson 1995.** Laxveiðin 1994. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/95008.
- Guðni Guðbergsson 1996.** Laxveiðin 1995. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/96004.
- Guðni Guðbergsson 1997a.** Laxveiðin 1996. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/97006.
- Guðni Guðbergsson 1997b.** Laxá í Aðaldal 1997. Seiðabúskapur, endurheimtur gönguseiða og veiði 1997. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/97006
- Guðni Guðbergsson 1998.** Laxveiðin 1998. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/98004.
- Scarnecchia, D.L. 1984.** Climatic and oceanic variations affecting yield of Icelandic stocks of Atlantic salmon. *Can. J. Fish. Aquat. Sci.*, 41: 917-935.
- Sigurður Guðjónsson, Sigurður Már Einarsson, Þórólfur Antonsson og Guðni Guðbergsson 1995.** Relation of grilse to salmon ratio to environmental changes in several wild stocks of Atlantic salmon (*Salmo salar*) in Iceland. *Can. J. Fish. Aquat. Sci.* 52:1385-1398.
- Sigurður M. Einarsson og Guðni Guðbergsson 1996.** The closure of commercial nettings in R. Hvita, Iceland. Effects on rod catches of salmon (*Salmo salar* L.) in the tributaries.
- Tumi Tómasson 1997.** Vatnsdalsá 1996. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-N/97001.
- Þórólfur Antonsson 1998.** Breytileiki í framleiðslu laxaseiða í tveimur íslenskum ám og endurheimtur þeirra úr hafí. Ritgerð til M.S. náms við Háskóla Íslands, 147 bls.
- Þórólfur Antonsson, Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson 1996.** Environmental continuity in fluctuation of fish stocks in the North Atlantic ocean, with particular reference to Atlantic salmon. *North American Journal of Fisheries Management* 16:540-547.



1. mynd. Fjöldi stangveiddra laxa á Íslandi 1974 - 1998.



2. mynd. Fjöldi netaveiddra laxa á Íslandi 1974 - 1998.



3. mynd. Fjöldi endurheimtra laxa úr hafbeit á Íslandi 1974 - 1998.

Tafla 1. Heildarfjöldi og heildarþyngd (pund) fangaðra laxa á Íslandi 1998, skipt eftir veiðiaðferðum og landshlutum (kjördæmum; 1 pund = 500gr).

Landshluti	Stangveiði				Netaveiði		Hafbeit		Samtals afli		Hlutfall (%) af heild	
	Fjöldi laxa	Fjöldi sleppt	Afli: fjöldi	Afli: þyngd	Fjöldi	Þyngd	Fjöldi	Þyngd	Fjöldi	Þyngd	Fjöldi	Þyngd
Reykjanes	2839	157	2682	13369			300	1662	3139	15031	5,5	4,5
Vesturland	14946	1162	13784	75722	527	2688	10923	69538	26396	147948	45,9	44,6
Vestfirðir	978	0	978	5391	5	28			983	5419	1,7	1,6
Norðurland vestra	9128	906	8222	53379	93	454			9221	53833	16,1	16,2
Norðurland eystra	4134	292	3842	29583	144	966			4278	30549	7,4	9,2
Austurland	2596	274	2322	13505	62	436			2658	13941	4,6	4,2
Suðurland	5665	35	5630	34730	5108	30346			10773	65076	18,8	19,6
Samtals:	40286	2826	37460	225679	5939	34918	11223	71200	57448	331797	100,0	100,0
Samtals þyngd í kg:				112840		17459		35600		165899		

Tafla 2. Heildarfjöldi stang- og netaveiddra laxa, auk endurheimtu hafbeitarstöðva, á Íslandi 1974 - 1998. Reiknaður er hlutfallslegur fjöldi (%) náttúrulegra laxa af heildarfjölda laxa.

ÁR	Stangveiði skráð	Fjöldi sleppt	Stangveiði afli	Netaveiði afli	Stang- og netaveiði samtals afli	Hafbeit afli	Heildarafli samtals	Hlutfall náttúrulegra laxa (%)
1974	34107		34107	18044	52151	3765	55916	93,3
1975	45882		45882	20402	66284	7720	74004	89,6
1976	39249		39249	17130	56379	3247	59626	94,6
1977	41302		41302	20864	62166	2405	64571	96,3
1978	52679		52679	25946	78625	1953	80578	97,6
1979	43955		43955	18306	62261	1967	64228	96,9
1980	30007		30007	18992	48999	3138	52137	94,0
1981	27777		27777	14478	42255	4626	46881	90,1
1982	24671		24671	11107	35778	5340	41118	87,0
1983	29267		29267	17761	47028	11194	58222	80,8
1984	23582		23582	10912	34494	6595	41089	83,9
1985	31621		31621	14942	46563	19750	66313	70,2
1986	46671		46671	20437	67108	24100	91208	73,6
1987	33907		33907	13960	47867	14140	62007	77,2
1988	47979		47979	18781	66760	64017	130777	51,0
1989	30082		30082	11738	41820	48617	90437	46,2
1990	29443		29443	12339	41782	90726	132508	31,5
1991	31492		31492	10454	41946	133203	175149	23,9
1992	42309		42309	12062	54371	140763	195134	27,9
1993	39025		39025	10197	49222	168427	217649	22,6
1994	28042		28042	11846	39888	89225	129113	30,9
1995	34241		34241	13185	47426	88527	135953	34,9
1996	29436	669	28767	8668	37435	84365	121800	30,7
1997	28640	1558	27082	5735	32817	15248	48065	68,3
1998	40286	2826	37460	5939	43399	11223	54622	79,5
1974 - 1998 meðaltal:	35426		35224	14569	49793	41771	91564	54,4

Tafla 3. Tíu aflahæstu laxveiðiárnar 1998.

Nafn ár	Fjöldi veiddra laxa
1. Rangárnar og Hólsá	3848
2. Þverá og Kjarrá	2181
3. Norðurá	2001
4. Blanda	1984
5. Laxá í Aðaldal	1928
6. Miðfjarðará	1772
7. Grímsá og Tunguá	1705
8. Langá	1560
9. Laxá í Dölum	1432
10. Laxá í Kjós og Bugða	1365

Tafla 4. Fimm aflahæstu urriðaveiðisvæðin 1998.

Nafn ár	Fjöldi veiddra urriða
1. Laxá í Þing. ofan Brúa	7947
2. Fremri Laxá á Ásum	2567
3. Grenlækur	1679
4. Laxá í Aðaldal	1068
5. Hróarholtslækur	1011

Tafla 5. Fimm aflahæstu bleikjuveiðiárnar 1998.

Nafn ár	Fjöldi veiddra bleikja
1. Víðidalsá og Fitjá	5568
2. Eyjafjarðará	3137
3. Staðarhólsá og Hvolsá	1469
4. Vatnsdalsá	1438
5. Hörgá	1229

Tafla 6. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga á Reykjanesi (Reykjaneskjördæmi) 1998. (Þyngd er í pundum, 1 pund = 500 g).

Nafn ár	Laxveiði					Smálax		Stórlax		Silungsveiði		
	Fjöldi laxa	Fjöldi sleppt	Afli: fjöldi	Afli þyngd	Heildar meðalþ.	Smálax/stórlax	Fjöldi smálaxa	Meðalþ. smálaxa	Fjöldi stórlaxa	Meðalþ. stórlaxa	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Elliðaár	492		492	2263	4,6	53,7	483	4,5	9	9,3	50	2
Úlfarsá (Korpa)	248		248	1141	4,6	30,0	240	4,5	8	7,8	5	0
Leirvogsa	540		540	2484	4,6	23,5	518	4,4	22	9,5	24	0
Kiðafellsá *												
Laxá í Kjós	1192	117	1075	5698	5,3	10,6	1089	4,9	103	9,3	326	2
Bugða	173	40	133	732	5,5	10,5	158	5,2	15	8,7	1	0
Brynjudalsá	102		102	592	5,8	6,8	89	5,2	13	9,8	2	4
Botnsá	92		92	460	5,0	29,7	89	4,9	3	9,8	10	9
Djúpavatn *												
Reykjanes samtals:	2839	157	2682	13369		15,4	2666		173		418	17

* Skýrsla barst ekki

Tafla 7. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga á Vesturlandi 1998. (þyngd er í pundum, 1 pund = 500 gr).

Nafn ár	Laxveiði						Smálax		Stórlax		Silungsveiði	
	Fjöldi laxa	Fjöldi sleppt	Afli: fjöldi	Afli: Þyngd	Heildar meðalþ.	Smálax/stórlax	Fjöldi smálaxa	Meðalþ. smálaxa	Fjöldi stórlaxa	Meðalþ. stórlaxa	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Vötn í Svinadal	7		7	36	5,1	6,0	6	4,8	1	7,0	5	0
Selós og Þverá	40		40	216	5,4	7,0	35	5,0	5	8,7	27	1
Laxá í Leirársveit	816	202	614	3070	5,0	18,0	773	4,6	43	10,9	189	62
Leirá í Leirársveit *												
Hvítá í Borgarfirði	692	2	690	4002	5,8	5,9	592	5,1	100	9,7	583	78
Andakilsá	63		63	391	6,2	5,3	53	5,3	10	10,6	3	116
Grimská og Tunguá	1705	495	1210	6534	5,4	8,6	1528	5,0	177	9,1	213	4
Flókadalsá	360		360	1764	4,9	13,4	335	4,6	25	8,6	7	0
Reykjadalsá	95		95	618	6,5	3,0	71	5,3	24	10,1	31	6
Þverá og Kjarrá	2181	1	2180	13080	6,0	5,7	1855	5,3	326	10,0	247	2
Norðurá	2001	10	1991	10154	5,1	8,1	1782	4,7	219	9,4	65	8
Norðlingafljót & Gljúfura	152		152	699	4,6	49,7	149	4,5	3	8,7	12	0
Langá	1560	245	1315	6707	5,1	11,0	1430	4,8	130	9,2	0	1
Urriðaá	42		42	227	5,4	20,0	40	5,2	2	9,5	113	4
Álftá og Veita	191		191	1108	5,8	7,3	168	5,4	23	9,1	332	7
Hítará	311	1	310	1767	5,7	7,2	273	5,3	38	8,5	25	459
Haffjarðará	752	189	563	3434	6,1	4,2	607	5,2	145	6,1	24	120
Núpa í Eyjahreppi #	166		166	1079	6,5	2,1	112	5,4	54	8,8	10	123
Laxá í Miklaholtshreppi *												
Straumfjarðará	297		297	1604	5,4	16,5	280	5,2	17	8,7	0	0
Vatnasvæði Lýsu	63	1	62	353	5,7	2,9	47	4,9	16	7,9	13	0
Fróða *												
Setbergsá	63		63	309	4,9	14,8	59	4,6	4	8,8	3	121
Laxá á Skógarströnd	121		121	593	4,9	19,2	115	4,8	6	8,3	3	5
SvínafoSSá í Heydal	24		24	151	6,3	2,4	17	5,1	7	9,0	144	272
Dunká	39		39	242	6,2	3,9	31	5,1	8	10,5	0	1
Hörðudalsá	13		13	74	5,7	5,5	11	5,2	2	8,0	0	1003
Skrauma á Skógarströnd *												
Miða og Tunguá	103		103	567	5,5	9,3	93	5,1	10	9,1	0	825
Haukadalsá neðri	916		916	4763	5,2	15,4	860	4,9	56	9,6	0	12
Haukadalsá efri	9		9	59	6,6	3,5	7	5,1	2	12,0	2	892
Laxá í Döllum	1432	14	1418	8224	5,8	6,6	1243	5,3	189	9,4	1	16
Fáskrúð	265		265	1537	5,8	6,4	229	5,1	36	9,7	1	1
Glerá	30		30	165	5,5	9,0	27	5,1	3	9,7	0	1
Laxá í Hvammssveit	58		58	284	4,9	57,0	57	4,8	1	11,0	9	13
Flekkudalsá (Kjarlaksstaðaá)	226	1	225	1148	5,1	11,6	208	4,5	18	12,3	11	3
Krossá	50		50	195	3,9	49,0	49	3,8	1	11,0	7	60
Búðardalsá	42		42	239	5,7	5,0	35	4,8	7	10,1	8	36
Staðarhólsá og Hvolsá	61	1	60	330	5,5	4,5	50	4,8	11	8,7	2	1469
Vesturland samtals:	14946	1162	13784	75722	5,1	7,7	13227		1719		2090	5721

* Skýrsla barst ekki

& Hafbeitarlaxi sleppt til endurveiði, sjá töflu 19.

Eitthvað af hafbeitarlaxi sleppt í ána til endurveiði en hlutdeild í afla óþekkt

Tafla 8. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Vestfjörðum 1998.
(þyngd er í pundum, 1 pund = 500gr).

Nafn ár	Laxveiði						Smálax		Stórlax		Silungsveiði	
	Fjöldi laxa	Fjöldi sleppt	Afli: fjöldi	Afli: þyngd	Heildar meðalþ.	Smálax/stórlax	Fjöldi smálax	Meðalþ. smálax	Fjöldi stórlax	Meðalþ. stórlax	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Þorskafjarðará *												
Fjarðarhornsa *												
Mórudalsá *												
Suðurfossá *												
Botnslón *												
Langadalsá	186		186	1060	5,7	5,9	159	5,7	27	11,8	0	97
Ísafjarðará	13		13	57	4,4		13	4,4	0	0,0	0	5
Laugardalsá	343		343	1921	5,6	10,1	312	5,2	31	9,5	60	4
Hvannadalsá *												
Selá í Skjaldfannardal												13
Bjarnarfjarðará	0		0	0	0,0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	185
Selá í Steingrímsf.	4		4	25	6,2	1,0	2	4,3	2	10,0	0	171
Staðará í Steingrímsf. *												
Víðidalsá í Steingrímsf.	47		47	268	5,7	6,8	41	5,0	6	10,7	0	10
Hrófá	93		93	484	5,2	17,6	88	4,8	5	12,6	1	104
Prestbakkaá	13		13	82	6,3	3,3	10	4,8	3	11,7	0	0
Krossá	85		85	451	5,3	11,1	78	4,8	7	11,6	0	0
Víkurá	119		119	655	5,5	8,9	107	4,8	12	11,2	0	20
Laxá í Hrótafirði	75		75	390	5,2	8,4	67	4,4	8	11,3	0	0
Vestfirðir samtals:	978	0	978	5391	5,5	8,7	877		101		61	609

* skýrsla barst ekki.

Tafla 9. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Norðurlandi vestra 1998. (þyngd er í pundum, 1 pund = 500gr).

Nafn ár	Laxveiði						Smálax		Stórlax		Silungsveiði	
	Fjöldi laxa	Fjöldi sleppt	Afli: fjöldi	Afli: þyngd	Heildar meðalþ.	Smálax/stórlax	Fjöldi smálax	Meðalþ. smálax	Fjöldi stórlax	Meðalþ. stórlax	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Hrútafjarðará og Siká	243	2	241	1518	6,3	4,8	201	5,0	42	12,5	0	564
Tjarnará	61		61	348	5,7	9,2	55	5,1	6	10,8	0	165
Hamarsá	33		33	168	5,1	10,0	30	4,3	3	13,0	2	0
Miðfjarðará	1772	43	1729	10547	6,1	5,0	1479	5,2	293	10,4	18	304
Víðidalsá og Fitjá	1081	69	1012	7185	7,1	3,1	815	5,4	266	12,4	316	5568
Vatnsdalsá	1149	664	485	3735	7,7	2,0	765	5,4	384	12,1	617	1438
Giljá	39		39	265	6,8	0,0	29	4,9	10	11,7	2	0
Gljúfurá	70	1	69	449	6,5	4,0	56	5,3	14	11,6	407	4
Laxá á Ásum	1136	110	1026	5643	5,5	7,4	1000	5,1	136	9,0	4	1
Fremri Laxá á Ásum	28		28	143	5,1	6,0	24	4,8	4	7,4	2567	64
Blanda	1984	2	1982	13874	7,0	2,3	1379	5,1	605	11,4	233	323
Svartá	619	7	612	3550	5,8	5,3	521	4,7	98	10,5	90	211
Langavatn á Refas.											337	0
Seyðisá *												
Blöndulón *												
Laxá á Refasveit	179		179	1110	6,2	5,6	152	5,2	27	12,4	1	2
Hallá	38		38	201	5,3	18,0	36	4,8	2	14,0	4	0
Laxá í Nesjum	5		5	42	8,4	0,3	1	7,0	4	8,8	0	0
Fossá í Skef.	17		17	133	7,8	1,8	11	5,4	6	12,2	0	0
Laxá í Skef.	79		79	427	5,4	7,8	70	4,6	9	10,7	4	43
Húseyjarkvísl	94		94	761	8,1	1,6	58	5,2	36	12,9	373	46
Sæmundará	103		103	711	6,9	2,3	72	5,7	31	9,7	111	156
Norðurá í Skagafirði	3		3	23	7,8	2,0	2	4,7	1	14,0	0	106
Hjaltadalsá og Kolka	58		58	319	5,5	4,8	48	4,8	10	8,9	3	221
Hrollleifsdalsá	13		13	95	7,3	2,3	9	4,6	4	12,5	126	377
Flókadalsá	40		40	312	7,8	1,5	24	5,4	16	11,4	36	655
Fljótaá	284	8	276	1822	6,6	2,8	210	5,4	74	9,9	1	893
Norðurland vestra samt	9128	906	8222	53379	5,8	3,4	7047		2081		5252	11141

* Skýrsla barst ekki.

Tafla 10. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga á Norðurlandi eystra 1998. (þyngd er í pundum, 1 pund = 500 gr).

Nafn ár	Laxveiði						Smálax		Stórlax		Silungsveiði	
	Fjöldi laxa	Fjöldi sleppt	Afli: fjöldi	Afli: þyngd	Heildar meðalþ.	Smálax/stórlax	Fjöldi smálax	Meðalþ. smálax	Fjöldi stórlax	Meðalþ. stórlax	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Ólafsfjarðará *												
Svarfaðardalsá	2		2	9	4,3		2	4,3	0	0,0	39	526
Þorvaldsdalsá *												
Hörgá	6		6	32	5,4	5,0	5	4,9	1	8	26	1229
Eyjafjarðará	27		27	181	6,7	1,7	17	4,5	10	10,4	142	3137
Fnjóská	286		286	2231	7,8	1,6	175	4,8	111	12,5	25	579
Djúpá	31		31	202	6,5	4,2	25	5,2	6	12,2	0	1
Skjálfandaflljót	563		563	3885	6,9	2,5	400	4,8	163	12,0	89	403
Laxá í Aðaldal	1928	237	1691	14712	8,7	1,3	1094	5,5	834	12,9	1068	52
Laxá í Laxárdal											1981	37
Laxá í Mývatnssveit											5569	83
Laxá í Mývatns. Haganes											397	292
Reykjadalsá	65		65	423	6,5	2,1	44	4,9	21	9,5	0	0
Mýrarkvísl	212		212	1124	5,3	9,6	192	4,9	20	9,8	7	0
Litluárvötn	13		13	61	4,7	12,0	12	4,5	1	7,0	427	97
Skjálftavatn	0		0	0	0,0	0,0	0	0,0	0	0,0	30	150
Brunná	2		2	23	11,5	1,0	1	6,0	1	17,0	33	67
Deildará	192	7	185	1277	6,9	2,2	132	5,0	60	11,0	55	35
Ormarsá	134		134	911	6,8	2,4	95	4,5	39	12,4	11	93
Svalbarðsá	159	1	158	1106	7,0	2,5	113	5,0	46	12,5	0	7
Sandá	177		177	1274	7,2	3,0	133	4,8	44	12,9	1	3
Hafralónsá	260	47	213	1661	7,8	1,7	164	4,9	96	12,7	2	166
Kverká	24		24	144	6,0	3,0	18	4,4	6	10,8	0	5
Hölkna	53		53	329	6,2	4,3	43	4,8	10	12,1	3	6
Norðurland eystra samtals:	4134	292	3842	29583	7,2	1,8	2665		1469		9905	6968

* Skýrsla barst ekki.

Tafla 11. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Austurlandi 1998. (þyngd er í pundum, 1 pund = 500gr).

Nafn ár	Laxveiði						Smálax		Stórlax		Silungsveiði	
	Fjöldi laxa	Fjöldi sleppt	Afli: fjöldi	Afli: þyngd	Heildar meðalþ.	Smálax/stórlax	Fjöldi smálax	Meðalþ. smálax	Fjöldi stórlax	Meðalþ. stórlax	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Miðfjarða og Kverká	145		145	841	5,8	4,2	117	4,3	28	11,9	2	11
Selá í Vopnafirði	1140	159	981	5788	5,9	5,4	961	4,7	179	12,1	5	37
Vesturdalsá	159		159	954	6,0	2,5	113	4,0	46	10,7	0	457
Hofsá og Sunnudalsá	1008	114	894	5185	5,8	3,8	796	4,1	212	12,1	32	246
Gilsá og Selfljót	25		25	133	5,3	7,3	22	4,6	3	10,2	67	221
Kelduá	2		2	10	5,0		2	5,0			19	143
Fjarðará, Seyðisfirði.	8		8	50	6,3	1,7	5	5,1	3	8,2	0	238
Fjarðará, Loðmundarfirði	3		3	17	5,7	2,0	2	3,5	1	10,0	1	41
Breiðdalsá	85	1	84	412	4,9	11,1	78	4,5	7	9,4	214	235
Geithellnaá *												
Laxá í Nesjum	21		21	116	5,5	9,5	19	4,9	2	10,7	43	4
Austurland samtals:	2596	274	2322	13505	5,2	4,4	2115		481		383	1633

* Skýrsla barst ekki

Tafla 12. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Suðurlandi 1998. (þyngd er í pundum, 1 pund = 500gr).

Nafn ár	Laxveiði					Smálax		Stórlax		Silungsveiði		
	Fjöldi laxa	Fjöldi sleppt	Afli: fjöldi	Afli: þyngd	Heildar meðalþ.	Smálax/stórlax	Fjöldi smálax	Meðalþ. smálax	Fjöldi stórlax	Meðalþ. stórlax	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Núpsvötn *												
Laxá, Brúará og Djúpa	5		5	41	8,1	1,5	3	5,7	2	11,7	109	7
Eldvatn á Brunasandi	2		2	8	4,0		2	4,0			72	162
Geirlandsá	30		30	153	5,1	9,0	27	4,7	3	8,8	274	26
Skaftá Vatnamót	0		0	0	0,0						51	37
Skaftá Mávabótarálar	0		0	0	0,0						138	2
Skaftá											26	
Hörgsá á Siðu	10		10	53	5,3	9,0	9	4,9	1	9,0	95	0
Hæðargarðsvatn											46	0
Holtsá *												
Grenlækur	1		1	4	3,5		1	3,5			1679	223
Eldvatn í Meðallandi	6		6	23	3,9		6	3,9			215	29
Hellisá &												
Tungufljót	30	1	29	194	6,7	2,3	21	5,1	9	10,5	224	52
Kerlingadalsá og Vatnsá	98	1	97	495	5,1	9,9	89	4,8	9	8,6	280	148
Heiðarvatn	23		23	110	4,8	10,5	21	4,4	2	8,0	269	616
Affall, A-Landeyjum	1		1	5	5,0		1	5,0			49	10
Rangár, Fiská og Hólsá	3848	16	3832	22992	6,0	6,3	3323	5,3	525	10,5	468	72
Minnivallarlækur											127	11
Galtalækur	2		2	18	9,0	1,0	1	5,0	1	13,0	88	0
Kálfá	60	1	59	354	6,0	7,6	53	5,3	7	11,9	52	13
Fossá og Rauða	1		1	13	12,5				1	12,5	1	140
Kaldakvísl											23	78
Kvíslaveita											196	0
Þórisvatn											264	0
Veiðivötn											9036	71
Ölfusá	224		224	1434	6,4	3,9	178	5,3	46	10,5	513	21
Hvítá	418		418	3010	7,2	1,9	275	5,5	143	10,5	189	49
Brúará og Hagaós	76	1	75	533	7,1	3,1	50	5,4	16	10,8	18	1040
Litla-Laxá	18		18	94	5,2		18	5,2			3	0
Stóra-Laxá	336	10	326	2282	7,0	2,4	238	5,4	98	11,1	28	38
Sogið	413	5	408	2570	6,3	4,0	330	5,5	83	9,8	37	860
Ásgarðslækur	17		17	83	4,9		17	4,9			2	7
Baugstaðaós	12		12	86	7,2	1,4	7	5,7	5	9,3	543	5
Volalækur	11		11	66	6,0		7	4,6	4	8,5	468	108
Hlíðarvatn	23		23	110	4,8	10,5	21	4,4	2	8,0	269	616
Suðurland samtals:	5665	35	5630	34730	6,1	4,9	4698		957		15852	4441

* Skýrsla barst ekki

& Hafbeitarlaxi sleppt til endurveiði, sjá töflu 19.

Tafla 13. Skipting stangveiddra laxa 1998, eftir sjávaraldri og landshlutum.

Landshluti	Smálax	Stórlax	Hlutfall
	Fjöldi	Fjöldi	Smálax/stórlax
Reykjanes	2666	173	15,4
Vesturland	13227	1719	7,7
Vestfirðir	877	101	8,7
Norðurland vestra	7047	2081	3,4
Norðurland eystra	2665	1469	1,8
Austurland	2115	481	4,4
Suðurland	4698	957	4,9
Samtals:	33295	6981	4,8

Tafla 14. Skipting laxveiði á Íslandi 1998 í smálax og stórlax.

Veiði-aðferð	Smálax Fjöldi	Stórlax Fjöldi	Hlutfall smálax/stórlax
Stangveiði	33295	6981	4,8
Netaveiði	4643	1296	3,6
Hafbeit	9594	1629	5,9
Samtals:	47532	9906	4,8

Tafla 16.

Fjöldi veiddra urriða valinna áa á árunum 1987 - 1998.

Ekki er greint milli staðbundinna og sjógenginna fiska.

Nafn Vatnsfalls	V E I Þ I Á R													Meðal- veiði	Mesta veiði	Minnsta veiði
	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998				
Laxá í Leirársveit	157	1448	194	219	221	223	180	183	153	157	116	189	287	1448	116	
Andakilsá	4	6	1	5	0	2	1	0	3	1	7	3	3	7	0	
Hvítá í Borgarfirði	152	190	99	192	0	149	155	364	305	722	264	583	265	722	0	
Grímsá og Tunguá	71	49	49	74	4	216	108	357	188	30	136	213	125	357	4	
Þverá og Kjarrá	35	80	36	99	0	121	98	109	152	247	101	247	110	247	0	
Álftá	29	46	57	108	184	191	156	220	251	261	298	332	178	332	29	
Hítará	5	17	14	30	23	23	39	0	34	61	33	25	25	61	0	
Hörðudalsá	7	0	5	8	0	0	0	0	0	0	0	0	2	8	0	
Miðá og Tunguá		0	0	1	0	4	0	1	0	0	0	0	1	4	0	
Haukadalsá	0	0	78	3	1	2	1		0	14	0	2	9	78	0	
Staðarhólsá og Hvolsá	3	2	3	2	6	3	1	2	1	2	4	2	3	6	1	
Fjarðarhornsá	0	2	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	0	
Selá í Steingrímsfirði	0	0		0	0	0	0	0	0	0		0	0	0	0	
Staðará í Steingrímsfirði	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0		0	0	1	0	
Hrútafjarðará og Síká	1	1	0	2	7	1	0	0	2	1	2	0	1	7	0	
Miðfjarðará	20	16	7	58	41	6	10	7	9	3	2	2	15	58	2	
Víðidalsá og Fitjá	0	3	26	13	41	34	23	14	16	42	52	316	48	316	0	
Vatnsdalsá	366	685	245	667	571	506	335	388	450	318	300	617	454	685	245	
Fremri Laxá á Ásum	1069	2352	338	2965	4121	3911	2709	2744	2011	1301	2379	2567	2372	4121	338	
Húseyjarkvísl	60	7	12	426	476	483	369	540	373	349	407	373	323	540	7	
Hrollleifsá		0	13	7	34	102	59	53		113	32	126	54	126	0	
Flókadalsá		87	27	93	111	109	54	82	0	81	29	36	64	111	0	
Fljótaá		0	3	0	10	0	0	0	0	0	1	1	1	10	0	
Svarfaðardalsá				24		44	23	40	18	44	26	39	32	44	18	
Hörgá				23	79	25	24	38	11	46	43	26	35	79	11	
Eyjafjarðará	34	49	26	67	165	86	100	153	130	146	138	142	103	165	26	
Fnjóská	20	8	14	14	31	25	12	45	27	31	53	25	25	53	8	
Skjálfaðalfjót	591	99	150	119	79	88	44	53	6	18	25	89	113	591	6	
Laxá í Aðaldal	835	894	1079	1275	1465	1286	1307	705	900	594	929	1068	1028	1465	594	
Laxá í Laxárdal		807	1075	1012	606	708	508	679	723	713	1020	1981	894	1981	508	
Laxá í Mývatnssveit		2351	3786	3235	2186	1905	1808	1263	1558	1765	2680	5966	2591	5966	1263	
Litluárvötn		710	610	422	784	684	730	583	464	416	269	427	554	784	269	
Ormarsá	35	50	21	20	31	28	15	42	9	33	17	11	26	50	9	
Selá í Vopnaf.	3	8	10	14	9	2	4	2	8	9	6	5	7	14	2	
Vesturdalsá	3	1	9	5	4	4	0	6	1	1	0	0	3	9	0	
Hofsá og Sunnudalsá	11	8	53	31	50	43	54	22	24	30	49	32	34	54	8	
Gílsá og Selfjót	33	12	15	72	70	53	39	20	27	45	77	67	44	77	12	
Breiðdalsá	197	31	15	148	169	245	117	307	242	306	375	214	197	375	15	
Geirlandsá	362	303	356	193	88	109	108	118	251	235	389	274	232	389	88	
Skafhá	442	1286	483	192	424	354	464	405	388	813	969	215	536	1286	192	
Eldvatn í Meðallandi	84	170	92	35	27	38	112	129	171	192	161	215	119	215	27	
Grenlækur		700	894	1425	1648	2640	2338	3311	3638	2730	2493	1679	2136	3638	700	
Tungufjót	62	67	148	84	134	134	249	156	174	239	384	224	171	384	62	
Heiðarvatn			215	399	301	373	284	255	116	102	212	269	253	399	102	
Rangár og Fiská				179	163	527	359	337	230	393	635	468	366	635	163	
Ölfusá		60	29	44	70	52	58	366	53	103	161	513	137	513	29	
Sogið	2	6	8	6	10	7	6	11	15	29	23	37	13	37	2	
Hróarholtslækur	403	550	465	322	391	449	301	580	374	326	492	1011	472	1011	301	

Tafla 17.

Fjöldi veiddra bleikja valinna áa á árunum 1987-1998.
Ekki er greint milli staðbundinna og sjógenginna fiska.

Nafn vatnsfalls	V E I D I Á R												Meðal- veiði	Mesta veiði	Minnsta veiði
	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998			
Laxá í Leirársveit	0	7	7	1	4	6	18	14	21	4	35	62	15	62	0
Andakilsá	10	231	284	479	3	341	0	3	218	189	238	116	176	479	0
Hvítá í Borgarfirði	27	9	15	19	613	88	106	14	12	4	4	78	82	613	4
Grímsá og Tunguá	1	2	2	24	250	12	3	6	1	1	0	4	26	250	0
Þverá og Kjarrá	3	9	111	76	113	14	35	25	9	7	63	2	39	113	2
Álftá	0	1	2	1	4	6	10	9	2	3	6	6	4	10	0
Hítará	193	134	132	234	518	396	184	0	259	131	426	7	218	518	0
Hörðudalsá	18	291	231	614	451	340		271	423	361	1021	1003	457	1021	18
Miðá og Tunguá		73	70	470	478	650	530	411	674	350	396	825	448	825	70
Haukadalsá	679	22	11	237	919	149	267		661	747	629	904	475	919	11
Staðarhólsá og Hvolsá	401	224	338	941	882	397	616	733	934	1490	1316	1469	812	1490	224
Fjarðarhornsa	20	107	306	562	536	233	73	80	135	165			222	562	20
Selá í Steingrímsfirði	261	12		229	334	259	77	404	145	356		171	225	404	12
Staðará í Steingrímsfirði	584	35	13	183	385	265	254	163	201	92			218	584	13
Hrútafjarðará og Síká	269	59	68	221	532	192	135	129	221	499	363	564	271	564	59
Miðfjarðará	236	167	89	221	273	152	97	123	144	47	267	304	177	304	47
Víðidalsá og Fitjá	1325	366	26	377	547	467	676	1214	3485	2782	1551	5568	1532	5568	26
Vatnsdalsá	727	1182	270	1642	1851	1112	1427	1058	812	2498	1861	1438	1323	2498	270
Fremri Laxá á Ásum	137	236	15	34	52	35	6	26	41	61	52	64	63	236	6
Húseyjarkvísl	7	2	8	64	28	17	32	44	48	45	30	46	31	64	2
Hrollleiðsdalsá		47	45	221	401	410	381	628		218	198	377	293	628	45
Flókadalsá	110	1028	280	2134	2198	1144	1040	1673	489	265	1135	655	1013	2198	110
Fljótá		1	44	627	643	881	1242	7071	6928	6931	1648	893	2446	7071	1
Svarfaðardalsá				873	1049	668	1691	358	417	475	526	757	1691	358	
Hörgá				1692	1394	1238	1783	1590	1063	1245	1293	1229	1392	1783	1063
Eyjaálfjarðará	1557	1467	127	2123	2836	3095	3080	3319	2151	2098	3625	3137	2385	3625	127
Fnjóská	496	217	238	390	469	239	251	550	391	339	409	579	381	579	217
Skjálfandaflljót	275	338	561	391	331	160	173	198	151	214	506	403	308	561	151
Laxá í Aðaldal	35	187	114	137	86	48	114	57	52	29	64	52	81	187	29
Laxá í Laxárdal		18	0	13	8	1	4	1	2	6	18	83	14	83	0
Laxá í Mývatnssveit		1	63	3	2	2	1	0	1	1	24	329	39	329	0
Litluárvötn		297	307	310	368	551	259	220	193	131	104	97	258	551	97
Ormarsá	245	114	141	181	175	127	131	126	103	101	68	93	134	245	68
Selá í Vopnaf.	249	56	52	211	105	103	51	106	84	164	115	37	111	249	37
Vesturdalsá	506	51	78	513	1402	726	321	383	474	872	1080	457	572	1402	51
Hofsá og Sunnudalsá	357	32	143	67	357	471	268	261	183	344	250	246	248	471	32
Gílsá og Selfljót	230	61	71	455	382	368	242	381	261	532	421	221	302	532	61
Breiðdalsá	453	74	70	600	22	23	410	369	977	396	197	235	319	977	22
Geirlandsá	60	69	48	29	50	43	40	39	48	43	28	26	44	69	26
Skáftá	14	28	12	23	5	7	19	28	14	21	16	39	19	39	5
Eldvatn í Meðallandi	21	22	3	21	3	27	19	6	60	114	61	29	32	114	3
Grenlækur		78	12	151	247	177	288	273	403	290	294	223	221	403	12
Tunguflljót	63	37	28	107	65	46	43	85	67	60	53	52	59	107	28
Heiðarvatn			106	203	213	319	159	296	131	89	498	616	263	616	89
Rangár og Fiská				75	65	106	90	83	94	165	150	72	100	165	65
Ölfusá		8	7	12	17	12	10	72	40	20	30	21	23	72	7
Sogjò	255	312	227	426	558	173	130	209	316	914	754	860	428	914	130
Hróarholtslækur	13	134	110	144	84	172	92	136	169	360	80	113	134	360	13

Tafla 18. Skráð netaveiði á Íslandi 1998. Gefin er fjöldi og þyngd þar sem hún er skráð (þyngd er í kg)

Veiðistaður	Lax		Urriði		Bleikja	
	fjöldi	Þyngd	Fjöldi	Þyngd	fjöldi	Þyngd
Sjávarveiði við Vesturland			40		100	
Gufuá	245		4		33	
Hvítá í Borgarfirði	224		228		3465	
Fáskrúð #	13					
Glerá #	17					
Laxá í Hvammssveit #	9					
Flekkudalsá #	12					
Búðardalsá #	7					
Selá í Skjaldfannardal	5					60
Miðfjarðará #	21	53				
Sölvabakki, sjávarveiði					7	
Bakki, sjávarveiði					186	
Héraðsvötn	54	162	263		2080	
Miklavatn í Fljótum	18	57			279	
Skjálfafljót	80	275			676	
Vestmannsvatn	64	208				
Lagarfljót	57	205				
Miðfjarðará og Kverká	4	8				
Gilsá og Selfljót	1	3	6		213	
Brunná			6	11,5	1	0,5
Skaftá	12	27	261	456	0	0
Kúðafljót §	3	7	199	569	2	3
Veiðivötn			2163	2385	479	223
Þjórsá	2066	5190	214	311	0	0
Hvítá í Arnessýslu	1841	6185	27	29,4	41	41
Ölfusá	1186	3798	242	242	55	44
Fjöldi samtals	5939		3653		7617	

§ Hluti af afla í ádrætti

Klakveiði

Tafla 19. Fjöldi stangveiddra hafbeitarlaxa sem sleppt var í ár til endurveiði 1998.

Nafn ár	Lax		
	Fjöldi	þyngd	meðalþyngd
Norðlingafljót	926	7686	8,3
Hellisá	297	1975	6,6
Samtals	1223	9661	7,9